

31. Fundur í stjórn FRÍ – þriðjudagur 7.janúar.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri og Íris Björg Bryde verkefnastjóri.

1.Boðun fundar og rafrænt afgreidd erindi. Engin rafræn samþykkt.

2. Verkefni ársfjórðungins Q1 2020! (verður í lið 3-6)

3. RIG

Undirbúningur á góðu róli. Ekki ljóst ennþá hvaða erlendu keppendur koma en það koma 12 keppendur frá USA. 1500 m. Hlaup karla verður ein af aðalgreinum mótsins. Ásdís kemur í kúluvarp.

4. Frjálsíþróttaping - Uppstillingarnefnd - Skýrslugerð - Undirbúningur fyrir ályktanir - Starfsmenn þings og vinnulag. Uppstillinganefnd þarf að hefja störf fljótlega. Magnús Jakobsson, Hreinn Ólafsson og Aðalbjörg Hafsteinsdóttir.

Rædd verkaskipting í skýrslugerð. Formenn nefnda þurfa að skila skýrslum og það þarf að taka saman Íslandsmet ofl. Uppgjör á bókhaldi þarf að vera tilbúið fyrir 20.febrúar. Ritari fer að huga að undirbúningi skýrslu stjórnar.

Stjórn þarf að leggja línur um hvaða ályktanir eða umræður eiga að fara fram á þinginu. Málið rætt og tillögur um hvaða áherslur ættu að vera – hlaupaverkefni, mótumgjörð ofl.

Umræða um fræðslumál þjálfara og dómara og málefni tengd þessu.

Skoða þarf reglugerðarbreytingar sem hafa verið gerðar af stjórn, hvort þær hafi ekki skilað sér alla leið.

Formlegt fundarboð fyrir frjálsíþróttapingið sem verður haldið 27.mars þarf að senda út í seinasta lagi 14.febrúar.

Tillaga að ritari FRÍ útvegi þingforseta og geri tillögu að þingriturum.

5. Nordic Congress. Verður haldin 6.mars. Gestir koma 5. Mars og brottför 7.mars. Þema sem FRÍ stýrir er ca. klukkutíma dagskrá í upphafi fundar og síðan er hefðbundin þingdagskrá.

Sendu þarf fyrirspurn á Norðurlandþjóðir vegna fyrirhugaðs mótahalds innan Norðurlandanna.

6. Hlaupaverkefnið – starfshópurinn er með málið í vinnslu. Búið að senda fyrirspurn á ÍSÍ varðandi almenningsdeildir og síðan er búið að hitta fulltrúa ÍBR og kynna hlaupapassa fyrir þeim.

7. Miðlunarmál / Starfsmannamál. Rætt um niðurstöður af auglýsingu á vefsíðu FRÍ og samfélagsmiðlum. Framkvæmdastjóra falið áfram að vinna úr málinu en mikilvægt er að styrkja áfram þennan lykilþátt.

8. Önnur mál.

Tilkynna fund um MÍ 11-14 ára umgjörð og framkvæmd, í sambandi við mótið MÍ 11-14 ára sem verður haldið af Fjölni. Umræður urðu á fundinum um mótahald og úthlutun móta sérstaklega MÍ 11-14 ára. Tillaga um að binda saman góð mót og tekjulægri mót eins og þrautarmót og öldungamót

Fundi slitið 18:00 – fundarritari Guðlaug B.